

Skönnunarþjónusta

Rafræn afhendingarþjónusta á nafngreindum póstsendingum sem og þátttöku einstaklinga og lögaðila í þjónustunni. Þátttakendur fá heildaryfirsýn yfir allan póst sem eftir hefðbundnu fyrirkomulagi myndi einungis berast í gegnum póstlúgu þátttakanda, auk þess sem póstsendingar verða honum aðgengilegar rafrænt á netinu hvenær sem honum hentar.

Nafnamerktar póstsendingar

Þjónustan nær eingöngu yfir almennan bréfaþóst, póstsendingar merktar þátttakanda. Afhending fer fram með opnun og skönnun póstsendinga í þeim tilgangi að koma þeim yfir á tölvutækt form í rafrænu pósthólfi þátttakanda, Möppunni, á Netinu. Innihald almennra bréfa sem er undanskilið frá þjónustunni er eftirfarandi:

Umslög sem innihalda til dæmis:

- Greiðslukort
- Skilríki (t.d. vegabréf, ökuskírteini)
- Aðgöngumiða (t.d. frá midi.is)
- Pin númer (þekkt umslög með rifum á sitthvorri hlið)
- Jólakort
- Frumrit (stundum kemur það fram á umslögum)
- Annað en pappír

Félagið: Íslandspóstur ohf., kt. 701296-6139, Stórhöfða 29, Reykjavík.

Fjölpóstur og tímarit eru undanskilin þjónustunni.

Ábyrgð

Bótaábyrgð takmarkast við beint og ótvírætt tjón þátttakanda sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis félagsins eða starfsmanna þess.

Fjárhæð bóta skal takmarkast við beint tjón. Ekki er ábyrgst tjón sem verður við það að óviðkomandi komist yfir aðgang eða misnoti rafrænt pósthólf þátttakanda, eða önnur kerfi tengd félaginu.

Engin ábyrgð er á því ef öryggi þeirra gagna sem afhent hafa verið á rafrænu pósthólfi þátttakanda rofnar, þ.e. ef leynd, heilleiki eða aðgengi að upplýsingum skerðist, nema slíkt verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis Íslandspósts ohf.

Hafi þátttakandi valdið því eða átt þátt í því að tjón varð eða afleiðingar þess urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð Íslandspósts ohf.

Engin fjárhagsleg ábyrgð er tekin á bréfasendingum sem skannaðar eru.

Íslandspóstur ohf. skal, sem ábyrgðaraðili, gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sem viðhafa ber við rafræna afhendingarþjónustu póstsendinga.

Innra eftirlit, sbr. 12. gr. laga nr. 77/2000, með rafrænni afhendingarþjónustu póstsendinga, er til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið við vinnsluna. Ábyrgðaraðili skal viðhafa eftirlit með reglubundnum hætti og sjá

til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í skýrslunni skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins.

Hverjum þeim sem starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, er aðeins heimilt að vinna með póstsendingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila.

Gerir Íslandspóstur samning við vinnsluaðila er þeim aðila skylt að sjá til þess að gögn sé ekki hægt að rekja til þátttakenda. Skal Íslandspóstur ohf. jafnframt halda skrá yfir vinnsluaðila. Felur slík skráning í sér öryggisráðstöfun vegna vinnslunnar, sbr. 3. tölul. 5. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Vinnsluaðila er jafnframt skylt að skrifa undir þagnarskylduupplýsingu, sbr. 12. gr. skilmála þessara.

Vinnsluaðila er eingöngu heimilt að opna og skanna póstsendingar þeirra aðila sem hafa skráð sig í þjónustuna með undirritun á umsóknareyðublað um þátttöku, sbr. 4. gr. skilmála þessara. Íslandspóstur ohf. heldur skrá yfir þá aðila sem eru í þjónustunni í svokölluðu SAP kerfi sem heldur utan um skráða aðila.

Vinnsluaðili skuldbindur sig til þess að tryggja eftir fremsta megni öryggi þeirra gagna sem vistuð eru í miðlægum gagnagrunni rafræns pósthólfs þátttakanda hverju sinni, þ.e. eftir atvikum leynd þeirra, heilleika og aðgengi að þeim.

Hafi þátttakandi skráð sig úr þjónustunni, sbr. 12. gr. skilmála þessara, hefur hann þó áfram aðgang að rafrænu pósthólfi sínu á netinu, sem og þeim póstsendingum sem þegar hafa verið skannaðar þangað inn.

Að undangenginni úrsögn mun Íslandspóstur einungis afhenda póstsendingar viðkomandi á áþreifanlegu formi á heimilisfang viðkomandi / skráð lögheimili lögaðila.

Vinnsluaðili: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Stærðarmörk

Hámarksstærð miðast við almenn stærðarmörk póstlúgu: lengd x breidd x hæð: 260 x 350 x 25 mm. Stærðarmörk póstlúgu eru skv. byggingareglugerð.

- **Hámarksstærð, vélflokkanleg:**
 - Lengd x breidd x hæð: 250 x 180 x 5 mm.
- **Lágmarksstærð:**
 - Umslag: 90 x 140 mm.
- **Lágmarksstærð, vélflokkanleg:**
 - Lengd x breidd x hæð: 160 x 90 x 0,2 mm.

Afslættir Ekki eru veittir afslættir af þjónustunni.

Þátttökuskilyrði

Til að öðlast þátttöku í rafrænni afhendingarþjónustu Íslandspósts ohf. skal uppfylla eftirfarandi þátttökuskilyrði áður en heimild er veitt:

Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri nema fyrir liggja skriflegt samþykki forráðamanna/-manns. Skriflegt samþykki forráðamanna/-manns skal fylgja umsókn um þátttöku í þjónustunni.

Umsækjandi skal sækja um þátttöku í þjónustunni á mappan.is – innskráður á kennitölu. Eingöngu má sækja um aðgang á sinni eigin kennitölu eða kennitölu aðila sem viðeigandi er forsvarsmaður fyrir.

Með undirritun lýsir þátttakandi jafnframt yfir að hann samþykki skilmála þessa, sem um afhendingarþjónustuna gilda, sem og þá skilmála sem gilda um aðgang hans að rafrænu pósthólfi, Möppunni, sem þátttakandi þarf jafnframt að samþykka.

Umsækjandi skal hafa greitt þáttökugjald eða samið um greiðslu þess við Íslandspóst ohf.

Geymsla, afhending og eyðing áþreifanlegra póstsendinga

Hafi þátttakandi ekki óskað eftir afhendingu áþreifanlegra póstsendinga með þeim hætti og innan þeirra tímamarka sem að framan greinir verður þeim eytt. Með eyðingu er átt við að pósturinn verður settur í tæta og honum síðan fargað 30 dögum eftir skönnun.

Persónuvernd og trúnaðarskylda

Íslandspóstur er ábyrgðaraðili sérhverra persónuupplýsinga sem kunna að vera í þeim póstsendingum sem skannaðar eru inn í rafrænt pósthólf þátttakanda. Geri Íslandspóstur ohf. sérstakan samning við þriðja aðila um vinnslu persónuupplýsinga telst sá aðili vinnsluaðili í skilningi laga nr. 77/2000.

Íslandspóstur ohf., og/eða vinnsluaðili á hans vegum, skuldbindur sig til að gæta þagnarskyldu um hvaðeina varðandi þátttakanda sem fram kemur í póstsendingum til hans sem skannaðar eru og birtar í rafrænu pósthólfi hans á Netinu. Þagnarskyldan helst eftir að samnings sambandi lýkur.

Íslandspóstur tryggir öryggi persónuupplýsinga m.a. með því að leitast við að uppfylla á hverjum tíma þau lög og reglugerðir sem taka til persónuverndar.

Íslandspóstur hefur tilkynnt Persónuvernd um rafræna afhendingarþjónustu póstsendinga í samræmi við tilkynningarskyldu 31. gr. laga nr. 77/2000.